



Fundargerð

433. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
þriðjudaginn 22. jan. 2019 kl. 14:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson oddviti (II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE), Karl Kristjánsson (KK) og Árný Huld Haraldsdóttir(ÁHH) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 5 blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og setti fund.

Dagskrá:

Fundargerðir sveitarfélagsins.

1. **431. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps 11. des. 2018:**
Fundargerð síðasta fundar tekin fyrir, samþykkt og undirrituð.
2. **Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd 11. jan. 2019:**

Vestfjarðarvegur - leiðarval - umferðaröryggisrýni:

Tekinn fyrir að nýju liður tvö í fundargerðinni sem var frestað á síðasta fundi.
Liðurinn hljóðar svo:

Lögð fram frumdrög Vegagerðarinnar að umferðaröryggismati Vestfjarðarvegar milli Borgarlandsvegar við Berufjörð að Skálanesi við Þorskafjörð. Nefndin fagnar drögunum sem staðfesta að lagfæringar á Reykhólasveitarvegi milli Reykhóla og núverandi Vestfjarðavegar eru bráðnauðsynlegar. Nefndin hvetur Vegagerðina til úrbóta svo fljótt sem verða má.

Tekið fyrir leiðarval Vestfjarðavegar vegna fyrirhugaðra endurskoðunar á aðalskipulagi Reykhólahrepps.

Eiríkur lagði fram svohljóðandi greinargerð og tillögu:

„Á fundi skipulags- húsnæðis- og hafnanefndar Reykhólahrepps þann 9. júlí 2018 var lagt til að fresta auglýsingu er varðaði aðalskipuagsbreytingu vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi 60, á meðan könnuð yrði svokölluð R-leið um Reykjanes og yfir Þorskafjörð utanverðan. Það var í framhaldi samþykkt í hreppsnefnd.

Síðan þá hefur mikil vinna farið fram við að meta R-leið frá ýmsum sjónarhornum. Á dögnum kom fram umferðaröryggismat á leiðum milli Borgarlandsvegar við Berufjörð að Skálanesi við Þorskafjörð sem nú hefur verið kynnt á íbúafundi.

Þar kemur fram að veglagning um Reykjanes kemur langverst út hvað varðar umferðaröryggi sem leiðir að því að hún stenst ekki samanburð við áður framkomna aðalskipulagsbreytingu m.t.t. 28. gr. vegalaga.

Verði farið að spyrða endurgerð „Reykhólasveitarvegar“ saman við fyrirbyggjandi veglagningu, mun það setja málið enn eina ferðina í uppnám, bæði hvað varðar fjármagn og tíma, með ófyrirséðu tjóni fyrir Reykhólahrepp sem og nágrannasveitarfélög.

Skipulags- húsnæðis og hafnarnefnd leggur því til að Reykhólahreppur auglýsi áður framkomna aðalskipulagsbreytingu (1708019) í B-deild stjórnartíðinda.“

Tillagan felld með tveimur atkvæðum gegn einu.

Karl Kristjánsson og Ingimar Ingimarsson lögðu fram svohljóðandi greinagerð og tillögu:

„S.H.H leggur til við sveitarstjórn Reykhólahrepps að leið R frá Karlseyjarvegi að Skálanesi verði sett á aðalskipulag Reykhólahrepps. Ljóst er að samfélagslegir hagsmunir Reykhólahrepps og umhverfissjónarmiðum verði best borgið með R-leið. Undirritaðir telja að umhverfisáhrif Þ-H leiðar séu það umfangsmikil að sú leið verði aldrei fær“

Samþykkt með tveimur atkvæðum gegn einu.

Eiríkur lagði fram svohljóðandi bókun:

„Ég harma þá niðurstöðu Skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar að leggja til að R-leið verði sett inn sem aðalskipulagstilaga. Það er sýnt að neikvæðir samfélagsþættir sem af henni hljótaskast vega þyngra en þeir jákvæðu og mun seint nást sátt um hana innan sveitar sem utan. Ég vona að hreppsnefnd hafi það til hliðsjónar þegar ákvörðun verður tekin.““

Jafnframt lagður fram undirskrifalisti sem er undirritaður af 62 kosingabærum íbúum Reykhólahrepps þar sem R-leið er mótmælt.

Oddviti fór yfir umræddan lið skipulagsnefndar og kallaði eftir tillögum.

KK. kynnti tillögu meirihluta skipulagsnefndar.

ÁHH kynnti svohljóðandi tillögu:

„Á fundi skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar Reykhólahrepps þann 9. júlí 2018 var lagt til að fresta auglýsingu er varðaði aðalskipulagsbreytingu vegna vegagerðar á Vestfjarðavegi 60, á meðan könnuð yrði svokölluð R-leið um Reykjanes og yfir Þorskafjörð utanverðan. Það var í framhaldi samþykkt í hreppsnefnd.

Ég legg til að sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykki að Reykhólahreppur auglýsi áður framkomna aðalskipulagsbreytingu (1708019) í B-deild stjórnartíðinda.“

II. lagði fram svohljóðandi tillögu:

„Undirritaður leggur til við sveitastjórn að haldin verði íbúakosning um legu Vestfjarðarvegar 60 í gegnum Reykhólahrepp. Íbúakosningin verði haldin laugardaginn 6. apríl 2019. Sveitarstjórn sér að öðru leiti um útfærslu íbúakosningarinnar.

Ljóst er að veglagning Vestfjarðarvegar 60 í gegnum Reykhólahrepp er að þeirri stærðargráðu að ærið tilefni er að íbúar koma að málinu og kjósi hvar vegurinn á að liggja um sveitina. Fátt er um annað rætt í samfélaginu og flestir hafa á því skoðun. Ekki var tekist á um þetta mál í sveitarstjórnarkosningum síðasta vor og hafa því að íbúar ekki sagt sína skoðun á málinu. Þessvegna tel ég eðlilegt að íbúar fái að koma að málinu og greiði atkvæði milli þeirra leiða sem sveitarstjórn setur niður.“

Oddviti bar upp tillögu um íbúakosningu. Hún var felld með 3 atkvæðum gegn 1, KK sat hjá.

Ingimar lagði fram svohljóðandi bókun:

„Það eru mikil vonbrigði að sveitarstjórnarfolk Reykhólahrepps skulu ekki taka undir með tillögu um íbúakosningu. Íbúakosning er besti mælikvarðinn sem við höfum til að mæla hug íbúa í eins stóru máli eins og þessu. Það að hafna íbúalýðræði í svo stóru máli er mikið ábyrgðarmál.“

ÁHH lagði fram svohljóðandi bókun:

„Ég hef lagt mig fram um að skoða allar teiknaðar leiðir vel og vandlega og hef fundið kosti og galla hvernar leiðar en hef í rauninni ekki val. Ég hefði viljað að sveitarfélagið myndi bjóða upp á íbúakosningu þannig að ef meirihluti íbúa myndi taka þátt í slíkri kosningu yrði hún bindandi en tel að um leið og skipulagsvaldið var tekið af sveitarstjórn hafi einnig verið lokað á lýðræðislega íbúakosningu. Skipulagsvaldið í þessu máli er ekki okkar heldur formsatriði til að uppfylla.“

JÖE lagði fram svohljóðandi bókun:

„Ég er fylgjandi íbúalýðræði, en þar sem sveitarfélaginu hafa verið settar fjárhagslegar skorður og skýrt tekið fram af stjórnvöldum að aðeins ein leið sé fær þá gildir það jafnt um sveitarstjórn sem íbúa.“

Tillaga ÁHH um að ÞH leið verði valin borin undir atkvæði.

Samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur.

ÁHH lagði fram svohljóðandi bókun:

„Nú þegar komið er að því að velja hvar Vestfjarðavegur (60) skuli lagður um Reykhólahrepp, frá Bjarkalundi að Skálanesi, tel ég mig ekki hafa raunverulegt val um hvaða leið verður farin. Raunverulegt skipulagsvald hefur Vegagerð Ríkisins tekið af sveitarstjórn Reykhólahrepps.

Ég hef lagt mig fram um að skoða allar teiknaðar leiðir vel og vandlega og hef fundið kosti og galla hvernar leiðar en hef í rauninni ekki val. Ég hefði viljað að sveitarfélagið myndi bjóða upp á íbúakosningu þannig að ef meirihluti íbúa myndi taka þátt í slíkri kosningu yrði hún bindandi en tel að um leið og skipulagsvaldið var tekið af sveitarstjórn hafi einnig verið lokað á lýðræðislega íbúakosningu. Skipulagsvaldið í þessu máli er ekki okkar heldur formsatriði til að uppfylla.

Á fundum sem ég hef sótt með Vegagerð Ríkisins og Samgönguráðherra mátti skilja að búið sé að ákveða skipulagið fyrir sveitarstjórn Reykhólahrepps. Á fundinum var farið yfir það að ein leið sé í boði og verði hún ekki farin verði engin leið farin og fjármagnið verði flutt í önnur verkefni. Þessi leið er svokölluð Þ-H leið um Vestfjarðaveg (60). Vegagerðin sagði einnig að aðrar leiðir yrðu ekki valmöguleikar fyrr en þessi leið væri fullreynd – aðrar leiðir mætti aðeins skoða ef þessi leið yrði vegna kærumála dæmd ófær að lögum.

Ég sé því ekkert annað í stöðunni en að fylgja vali Vegagerðarinnar um leið Þ-H um Vestfjarðarveg (60). Þá legg ég einnig til að sveitarfélagið auglýsi aðalskipulagsbreytinguna í B-deild stjórnartíðinda.

Ég vil benda á alvarleika þess að skipulagsvaldið sé tekið af sveitarfélögum. Legg ég þá til að skoðað verði með lögfræðingum sveitarfélagsins hvort lögð verði fram stjórnsýslukæra þess efnis á hendur Vegagerðinni.“

JÖE og EDBJ löðu fram svohljóðandi bókun:

„Við tökum undir tillögur Eiríks Kristjánssonar og ÁHH. Einnig tökum við undir rökstuðning sveitarstjórnar frá 8. mars 2018 er varðar val á leiðum og tel að sá rökstuðningur eigi enn við. R leiðin uppfyllir ekki staðla um umferðaröryggi og er því ekki fær, og vísam við því í rökstuðning sveitarstjórnar er varðar val á milli Þ-H og D2.

Jafnframt mun sveitarfélagið vinna að því að fá Reykhólasveitarveg 607 uppfærðan á þeim köflum sem eru hættulegir til að auka umferðaröryggi vegfarenda. Einnig munum við fara fram á að vegagerðin skoði aðra möguleika varðandi brúarhönnun.

Sveitarfélaginu hafa verið settar fjárhagslegar skorður við leiðarval í þessu ferli og lítum svo á að það hafi ekki raunverulegt val um leið, heldur sé það að samþykkja leið sem stjórnvöld leggja til. Þar með setjum við spurningarmerki við hvort skipulagsvald liggi í raun og veru hjá sveitarfélögunum.

Að lokum langar okkur að taka fram að við hörmum framgöngu nærliggjandi sveitarfélaga í þessu ferli, þar sem fram hefur komið yfirgangur, ásamt miklum þrýstingi á sveitarfélag sem er að uppfylla skyldu sína um rannsóknarvinnu í aðalskipulagsbreytingu. Sveitarfélögin sendu frá sér yfirlýsingu þar sem þau harma rof á samstöðu í stað þess að sýna Reykhólahrepp samstöðu í þessu ferli.“

JÖE bætir við eftirfarandi bókunina:

„Undanfarin 15 ár hef ég ekki haft sterkar skoðanir á leiðarvali í gegnum sveitarfélagið en haft þá skoðun að sú leið sem er vænlegust til að verða kláruð fyrst sé sú leið sem er best. Sem íbúi í Reykhólahreppi er þ-H ekki sú leið sem myndi henta mér best, en sú leið sem ég tel að verði fyrst tilbúin og í stóra samhenginu skiptir það mestu máli.“

KK lagði fram svohljóðandi bókun:

„Það eru ríkir umhverfis- og samfélagshagsmunir fyrir íbúa Reykhólahrepps að velja Reykhólaleiðina sem framtíðar vegtengingu við Vestfirði. Það eru samlegðaráhrif af því að leggja Vestfjarðaveg að stærstum hluta eftir Reykhólasveitarvegi og minnka þannig óafturkræf umhverfisspjöll á lítið röskuðu landi sem nýtur auk þess sérstakrar verndar samkv. 61.gr náttúruverndarlaga. Það skiptir máli fyrir íbúana að Reykhólaborp verði í alfaraleið og eins að stytta vegalengdir innansveitar fyrir þá sem sækja daglega vinnu og skóla til Reykhóla. Umferðaröryggismat frá 4. jan. 2019 sýnir að leiðir A3 og þ-H eru mjög sambærilegar m.t.t. umferðaröryggis. Ekki er hægt að fallast á að óljós stofnkostnaðarmunur og 2-3 mín. munur á akurstíma inn á þjóðveg 1 séu slíkir megin hagsmunir að allt annað verði að víkja fyrir því.“

II lagði fram svohljóðandi bókun:

„Undirritaður lýsir vonbrigðu sínum yfir leiðarvali meirihlutans. Ljóst er að hótanir, kúgun og áburður vegagerðarinnar, nágrannasveitarfélaga og fjórðungssambandsins hafa borið tilætlaðan árangur. Málið hefur setið botnfrosið í 17 ár og litlar líkur á að það breytist í bráð. Í ljósi sögunnar hlýtur öllum að vera ljóst að Teigskógarleið verður seint eða aldrei farinn. Loksins þegar sá fyrir endan á áratuga deilum, með leið sem sætti sjónarmið vegagerðar, samfélagsáhrifa og náttúruverndar, keyrir vegagerðin, nágrannar okkar og fjórðungssambandið, sem við erum enn hluti af, með ofbeldi og ofsa gagnvart okkur. Teigskógur skal það vera.

Við sem bjóðum okkur fram í sveitarstjórn höfum skyldur gagnvart sveitarfélaginu og við svörum eingöngu gagnvart íbúum okkar þegar að ákvörðunartöku kemur. Það er því ábyrgðarhluti að veljast í sveitarstjórn, ábyrgð gagnvart samfélaginu. Þá samfélagsábyrgð ber að taka alvarlega, líka þegar að okkur er vegið. Sjálfstjórnarréttur sveitarfélaga í skipulagsmálum er óumdeildur, það eru því léttvæg rök að segja að við séum neydd til einhvers. Við erum ekki neydd til þess að lúta valdi Vegagerðarinnar, við erum kosinn af íbúum Reykhólahrepps til þess að fara með stjórn sveitarfélagsins og fara með skipulagsvaldið. Vegagerðin er ekki kosin af fólki til þess að fara með skipulagsvald, Vegagerðin fer ekki með skipulagsvald.

Þau umhverfisáhrif sem Teigskógarleiðin mun hafa eru gríðarleg og óafturkræf það dylst engum. Það eru því litlar líkur á því að sú leið verði nokkur tíman að veruleika. Þetta vita fulltrúar Vegagerðarinnar, þetta veit ráðherra, samt skal haldið áfram og reynt. Nú á að gera Reykhólahrepp að tilraunastöð fyrir umhverfisofbeldi Vegagerðarinnar með stuðningi samgönguráðherra í þeim eina tilgangi að athuga

hversu langt þeir komast. Leitt þykir mér að sveitarstjórnarfulltrúar Reykhólahrepps skuli ætla að vera tilraunadýr vegagerðarinnar í þessu máli. Málatilbúnaður þeirra sem hagsmuna hafa að gæta í landi Teigskógar hefur aldrei verið sterkari enda þeim verið gefið upp í hendurnar hálfrannsakaða leið sem þjónustustofnun ríkisins, Vegagerðin, hefur neitað að rannsaka, ásamt því að stilla sveitarstjórn upp við vegg með hótunum. Vegferð Þ-H leiðarfólks verður því flókin og erfið.

Sú vegferð sem við sveitarstjórnarfulltrúar höfum farið í gegnum hefur verið lærdómsrík, óbilgjörn og tímafrek. Ég vona að þetta verði til þess að sveitarstjórnarfolk sjái að oft þarf að taka erfiðar ákvarðanir, ég minni þá á að okkur ber að taka ákvarðanir eftir yfirferð og innsæi ekki eftir þrýstingi frá utanaðkomandi fólki og stofnunum. “

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.32
